

Fljótsdalshérað
Lyngási 12
700 Egilsstaðir



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 01. júlí 2016

UST201606-063/K.S.J.

10.04.03

Efni: Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi á svæði Snæfellsskála.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Fljótsdalshéraðs er barst 7. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi á svæði Snæfellsskála.

Svæðisskipulag

Umhverfisstofnun bendir á að þann 16. mars 2016 samþykkti Alþingi tillögu að þingsályktun um landsskipulagsstefnu 2015 – 2026. Í samraemi við 2. málsl. 4. tölul. bráðabirgðaákvæðis skipulagslaga nr. 123/2010 felldi ráðherra úr gildi svæðisskipulag miðhálendis Íslands 2015 frá 10. maí 1999. Auglýsing um niðurfellinguna var í stjórnartíðindum nr. 335/2016.

Náttúruminjar

Svæði Snæfellsskála er innan Vatnajökulsþjóðgarðar og einnig er Snæfell ásamt Vesturöræfum og Hafrahvammagljúfri á náttúruminjaskrá. Þar sem um slíkt náttúruminjasvæði er að ræða er mikilvægt að mati Umhverfisstofnunar að við framkvæmdir verði ekkert óþarfa rask á svæðinu og einnig er mikilvægt að allar framkvæmdir verði felldar að landi.

Að mati Umhverfisstofnunar er í ofangreindri lýsingu gerð grein fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir

Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Sverrir A. Jónsson
Sérfræðingur